



ÁRAMÓTABLAÐ



*Félagar Björgunarsfélags Akraness senda samborgurum sínum,
nær og fjar, sínar bestu kveðjur og óska þeim farsællar framtíðar.*

Ágæti lesandi



Nú í mesta skamdeginu er það kærkomin ánægja að mega njóta jólaljósanna, en því fylgir sú ábyrgð að ganga vel frá rafmagninu í kringum ljósin og henda því sem er úr sér gengið, einnig að gæta vel að kertaljósum.

Það er aldrei of varlega farið í þessum efnum og það erum við minnt á reglulega í fréttum af eldsvoðum. Það er staðreynd að það verða lang flestir brunar í nóvember og desember ár hvert.

Því langar mig að minna ykkur öll á, að skipta um rafhlöður í reykskynjunum hjá ykkur einu sinni á ári. Það er ágætt að venja sig á að gera það fyrir jólin. Einnig þarf að endurnýja reykskynjara á 7 til 10 ára fresti. Reykskynjarar eru ódýr öryggistæki og eiga skilyrðislaust að vera á öllum heimilum.

Sem foreldrum er okkur falin sú ábyrgð að kenna börnum okkar að varast hættur í umhverfinu. Kenna þeim til dæmis að nota bílbelti, að fara yfir á gangbraut, og nota hjálm þegar þau hjóla eða eru á línuskautum. Vera í björgunarvesti þegar þau eru að veiða á bryggjunni og þegar þau eru um borð í bátum. Það er frábært innlegg í umræðuna um slysavarnir að slökkviliðsmenn skuli heimsækja 3. bekk í skólana á jólaföstunni og tala við krakkana um það hvernig þau eiga að bregðast við eldsvoða. Hér á Akranesi hefur þetta komist vel til skila og eiga þeir slökkviliðsmenn sem hlut eiga að máli þakkir skyldar.

Það sem við lærum í sambandi við slysavarnir og fyrstu hjálp veitir okkur öryggi og verður seint metið að verðleikum. Þannig erum við betur í stakk búin til

að taka því þegar hverskonar vá ber að höndum. Það getur skipt sköpum að fyrsta hjálp sé veitt á réttan hátt og þannig kemst hinn slasaði sem fyrst undir lækni hendur. Gildi sálrænnar skyndihjálpar er einnig mikið og þekki ég það af eigin reynslu. Það er mikið í húfi að þeir sem lenda í áföllum geti leyst sem fyrst úr sínum málum og standi þannig sterkari á eftir.

Björgunarsveitin tekur inn nýliða á hverju ári. Þeir einstaklingar fara í gegnum fræðslu sem heitir nýliðafræðsla. Það er metnaðarfull dagskrá, sem er sett saman af björgunarsveitafólki, þar sem það miðlar af reynslu sinni.

Fjölbrautaskóli Vesturlands var fyrstur af framhaldsskólum landsins að meta nýliðafræðslu hjá Björgunarsveitinni til eininga. Fjölbrautaskólinn á Selfossi hefur fylgt í kjölfar skólans hér og vonandi eiga fleiri eftir að fylgja stefnu þessara skóla. Gildi þessarar fræðslu er mikið og þar er unglungunum kennt hvernig þau eiga að bregðast við í hverskonar leit og björgun. Þau læra til dæmis fyrstu hjálp og hvernig eigi að klæða sig í óbyggðum. Læra að fara með áttavita, lesa úr kortum og bera virðingu fyrir íslensku verðurfari og náttúru ásamt mörgu fleiru. Allt þetta er hluti af því að verða góður og gildur björgunarsveitamaður og þjóðfélagsþegn. Og geta þannig hjálpað náunga sínum þegar eitthvað bjátar á.

Að lokum langar mig að nefna að um áramótin þurfum við að vera minnug þess að fara varlega með flugeldana og muna að nota öryggisgleraugu, bæði börn og fullorðnir. Öryggisgleraugu og leiðbeiningar um notkun og meðferð flugelda eru afhent hjá Björgunarsveitinni og vil ég benda fólki á að nálgast þau þar.

Gætum vel að börnunum okkar, þau fylgjast yfirleitt spennt með þegar verið er að kveikja í flugeldunum en eru kannski ekki nógu fljót að hlaupa í burtu áður en flugeldurinn springur.

Við þurfum sérstaklega að fylgjast vel með börnum og unglungum að þau séu ekki að búa til sína eigin flugelda. Af því hafa oft hlotist skelfileg slys.

Megið þið öll eiga gleðileg og slysalaus jól og áramót.

*Anna Kristjánsdóttir, formaður
Slysavarnadeildar kvenna, Akranesi*

Aramótablað

1. tbl. - 2. árg. - Desember 2004

Útgefandi: Björgunarfélag Akraness

Ábyrgðarmaður: Hannes Sigurðsson

Ritstjórar: Ingvar Örn Ingólfsson og Ásgeir Örn Kristinsson

Prófarkalestur: Anna Leif Elísdóttir og Kjartan Kjartansson.

Myndir: Myndsmiðjan og Hilmar Sigvaldason.

Umbrot og prentun: Prentverk Akraness hf.

Flugelda- markaður

Björgunarfélags Akraness
Kalmansvöllum 2 (á mótí NETTÓ)

*Flugeldasýning í boði Orkuveitunnar
þriðjudagskvöldið 28. des kl. 20
á Miðbæjartúninu*



Opnunartími



Þriðjudaginn 28. des. kl. 12-22
Miðvikudaginn 29. des. kl. 12-22
Fimmtudaginn 30. des. kl. 12-22
Gamlársdag 31. desember kl. 10-16
Prettándinn 6. jan. kl. 12-18



Margar nýjar tegundir - Íslenskar rakettur



FLUGELDAMARKAÐUR
BJÖRGUNARVEITANNA



Orkuveita Reykjavíkur



Ólafur Þ. Hauksson, sýslumaður á Akranesi:

Ágætu samborgarar



Björgunarsveitir á Íslandi hafa þýðingarmikið hlutverk í okkar neyðarskipulagi þegar vá ber að höndum. Vissulega höfum við á að skipa hæfri daglegri neyðarþjónustu í formi lögreglu, sjúkraflutningsmanna og slökkviliðs en þegar tiltekin vá ber að dyrum þá dugur dagleg neyðarþjónusta ekki til. Í ljósi þessara aðstæðna hafa almannavarnir á vegum ríkisins gert samninga við meðal annars björgunarsveitir. Með því er þeim ætlað hlutverk á þeim tímum sem veruleg vá vofir yfir sem undirstrikar stöðu björgunarsveita hér á landi. Bakhjarl samfélagsins hvað neyðarlið varðar felst í björgunarsveitunum og í því felst styrkur fyrir hefðbundna neyðaraðila. Til þess að björgunarsveitir komi að notum á vátímum þá þurfa þær á skipulögðum æfingum að halda og þá ekki hvað síst í þeirri mynd að æfa með daglegu neyðarliði til þess að samstarf þeirra gangi snurdulaust fyrir sig á vátímum. Ella er hætta á að björgunarsveitirnar verði ekki eins undirbúnar til þess að takast á þau erfiðu verkefni sem þeim er ætlað að sinna við aðstæður sem yfirleitt eru erfiðar. Með þetta í huga og í ljósi hættu á því að hópslysi af óþekktri stærðargráðu kann að henda við eða innan umdæmis lögreglunnar á Akranesi ákvað Almannavarnarnefnd Akraness á síðasta fundi sínum að setja fram æfingaáætlun vegna björgunaræfinga vorið 2005 þar sem gert er ráð fyrir þátttöku björgunarsveita og annars neyðarliðs á svæðinu. Æfa á viðbrögð við hópslysi þar sem margir eiga að hafa slasast. Annarsvegjar verða æfdir einstakir verkþættir og hinsvegjar er áætluð ein stór heildaræfing þar sem æfð verður samþætting ólíkra verkþátta. Markmiðið er að auka hæfni allra þeirra sem koma að neyðaraðstöð á svæðinu. Er það von Almannavarnarnefndar Akraness að þátttaka neyðarliðs og björgunarsveita verði góð í æfingunum til þess að þær komi að sem mestu gagni. Samhliða því má velta fyrir sér hvort ekki sé æskilegt að björgunarsveitir verði oftast kallaðar til aðstoðar við aðgerðir daglegs neyðarliðs sem sýnt þykir að muni dragast á langinn sem hefur í för með sér meiri hæfni björgunarsveita og þjálfar auk þess samstarf þessara aðila enn frekar.

Búseta í landinu er að breytast sem óhjákvæmilega endurspeglast í starfi björgunarsveita. Í sveitum landsins er fólksfækkun viðvarandi þróun á meðan fólki fjölgar í þéttbýliskjörnum. Þetta leiðir það af sér að björgunarsveitir í sveitunum munu eiga undir högg að sækja hvað mannskap varðar sem er bagalegt þar sem mörg þeirra neyðar- og björgunartilvika sem upp koma eiga sér stað í dreifbýlinu. Björgunarsveitir í dreifbýlinu hafa haft það forskot að vera yfirleitt nær þeim stað þar sem aðstoðarinnar er þörf og einnig hafa þær búið að staðkunnáttu sinni á staðhättum á leitar- og björgunarsvæðum í þeim tilvikum. Fari það svo að þátttaka í starfi björgunarsveita í dreifbýli dragist saman þarf að velta fyrir sér hvernig rétt sé að bregðast við. Þróunin hlýtur að verða sú að björgunarsveitir í þéttbýli þurfa að axla stærra hlutverk en áður með því að fara til aðstoðar í verkefni utan þéttbýlis í meiri mæli enda eru starfssvæði og svæðisstjórnir björgunarsveitanna skilgreindar með það í huga. Þetta kallar á enn frekari mannafla en áður þannig að starf björgunarsveita þarf að efla með því að tryggja meðal annars að björgunarsveitirnar séu vel mannaðar hæfum mannskap sem hafi tiltækan nauðsynlegan búnað.

Til þess að björgunarsveitir geti virkað sem skipulögð samtök á neyðarstundu þarf að vera til staðar stjórnun og agi innan sveitanna. Agi er einhverra hluta vegna hugtak sem fellur Íslendingum illa í geð, í það minnsta finnst útlendingum að ekki sé miklum aga fyrir að fara í íslensku samfélagi og hver hefur ekki heyrt talað um agavandamál í skólum landsins. Að mínu mati fer agi saman við löghlýðni og er þar af leiðandi æskilegur kostur í okkar samfélagi. Þátttaka ungs fólks í björgunarsveitum landsins hefur að mínu mati veigamikil uppeldislegt gildi þar sem meðlimir sveitanna þurfa að búa við stjórnun og temja sér öguð vinnubrögð en þess utan er öllum hollt að gefa af sér samfélaginu til heilla. Ég vil því hvetja unga fólkið til þátttöku í starfi björgunarsveitanna.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þakka Björgunarfélagi Akraness samstarfið á árinu sem er að liða.

**Börn skulu
ávallt vera
undir eftirliti
fullorðinna í
návist flugelda.
Allir eiga að
hafa öryggis-
gleraugu, einnig
þeir sem horfa
á.**



Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu þessa blaðs

B.Ó.B. Vinnufélar sf.

Steðji ehf.

Bilver ehf

Trésmiðja Akraness ehf

Blikksmiðja Guðmundar

Verslun Einars Ólafssonar

Brautin ehf

Vélaverkstæði Guðlaugs Ketilssonar

Eðallagnir ehf

Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf

Fang ehf

Vignir G. Jónsson

Fortuna veislupjónusta

Ökukennsla Villa og Sigga

Hópfæðabifreiðar
Reynis Jóhannssonar

Harðarbakarí

Hrói Höttur

Hótel Barbró

Hönnun ehf

Model

Jón Bjarni Gíslason, pípulagnir

PK-Lagnir

Jónas Geirsson
tannlæknir

Rafnes

Litlabúðinn

Rafþjónustu Sigurdórs

Lyf og heilsa

Skaginn ehf

Stafn á milli

Lögfræðistofa Vesturlands ehf

Svínabúið Melum ehf

MVM ehf - Múrarmeistari

Úra og Skartgripaverslun
Guðmundar B. Hannah

Skagaverk sf.

Verkalýðsfélag Akraness

Skessuhorn ehf

Sólbaðsstofan Tungusól

VÍS

Ásgeir Kristinsson

Vegfarandinn



Þann 19. október fauk rúta með 38 starfsmenn Norðuráls út af Þjóðveginum undir Akrafjalli og endaði á hvolfi. Mikið hvassviðri var, og aðstæður erfiðar á slystað. 30 farþegar voru fluttir á sjúkrahúsið á Akranesi til aðhlynningar, meira og minna slasaðir.

Slysið varð á þeim tíma dags sem flestir starfsmenn stóriðjusvæðisins við Grundartanga voru á leið til vinnu og fljótt dreif að aðra er leið áttu hjá. Fjórir félagar Björgunarfélags Akraness (B.A.) voru í rúttunni sem valt, Bjarni Ingi Björnsson rafvirki Norðuráli,

Bjarki Georgsson starfsmaður steypuskála Norðuráls, Einar Mýrdal rafvirki Norðuráli og Gunnar Gunnarsson bílstjóri rúttunnar. Auk þeirra komu þeir til viðbótar aðvifandi skömmu eftir að slysið hafði átt sér stað. Það voru þeir Einar Jóel Ingólfsson starfsmaður GT. Tækni, Lárus Guðlaugsson starfsmaður Klafa og Sigurður Vésteinsson trésmiður hjá Ístak.

Meðal þess sem mikil áhersla er lögð á í starfi björgunarsveitar, er þjálfun í skyndihjálpi. Hluti af verklegri

þjálfun er einmitt að jafna sig eftir áfall sem verður eftir aðkomu að slysi, til þess að flýta fyrir því að björgunarmenn geti farið að sinna hinum slösuðu.


Þó að rútan hafi verið nánast kyrrstæð þegar að hvidan kom, var aðdragandinn enginn. Mönnum var því eðlilega mjög brugðið þegar endaskipti voru skyndilega höfð á hlutunum. Það sem hafði snúið upp, snéri nú niður.

Skyndihjálparþjálfun innan björgunarsveitar snýst um bóklegt nám og verklegt. Fullgildur björgunarmaður hefur lagt að baki ca. 50 klst. í bóklegu námi við lok nýliðaþjálfunar. Og á næstu árum bætist mikið við. Verklega þjálfunin gengur út á að settar eru upp æfingar og reynt er að líkja eftir raunverulegum aðstæðum eftir bestu getu. Þar eru oft bílslys viðfangsefnið. Margir björgunarsveitamenn hafa síðan talað um að þau slys sem þeir hafa komið að hafi minnt þá á vel upp setta æfingu.

En hvernig virkar þetta svo í raunveruleikanum? Áðurnefndir félagar í B.A. og undirritaður settust niður og veltu þessu fyrir sér, ásamt Trausta Gylfasyni fræðslu- og öryggisstjóra Norðuráls, sem einnig var farþegi rúttunnar.




Bilahópur.



Lækkum ...
lækkum ...
... og lækkum

Lækkum kostnað heimilanna
án þess að minnka gæðin

allt í matinn á einum stað
Nettó Akureyri - Akranesi - Mjódd - Salahlverfi Kópavogi

nettó 



Fjallahópur.

Bjarki sat hægra megin í rútunni, upp við glugga. Glerið hélt. „Þegar rútan stöðvaðist á toppnum, komst ég mjög fljótt út. Eftir að hafa kannað eigið ástand, jafnað mig og gert mér grein fyrir því að ég var að mestu óslasaður, hrökk ég í girinn. Ég fór að vinna. Reyndi að gera mér grein fyrir aðstæðum og finna út hvar kraftar mínir kæmu að sem bestum notum“.

Einar Jóel, einn af þeim sem kom að slysinu, tók í sama streng. „Um leið og ég var kominn út úr rútunni var eins og ég væri kominn á æfingu hjá björgunarsveitinni. Ég fann út hvar þörf væri á aðstoð og sinnti því“.

Þeir björgunarsveitamaður sem rætt var við, voru sammála um að sjokkið hefði komið eftirá. Lárus kom að slysinu. Hann segir:

„Konan mín var í rútunni sem valt. Þegar ég kom að, var í mörg horn að líta. Eitt af því sem við aðgerðastjórnendur lærum, er að ná yfirsýn. Jafnframt því að ná sambandi við frúna, skoðaði ég aðstæður. Eftir að ég hafði fullvissuð mig um að hún hefði ekki slasast, fór ég til aðstoðar. Það var eiginlega ekki fyrr en að ég var kominn til vinnu inn á Tanga sem ég fann fyrir sjokki. Verkefnið á slysstað er svo krefjandi, að maður hugsar ekki mikið um eigin líðan“.

Á herðum Trausta var að bregðast við sem forsvarsmaður Norðuráls:

„Mér fannst eftirtektarvert hvað þessir einstaklingar

úr björgunarsveitinni voru fljótir að mynda vinnuhóp og vinna saman eins og eftir skipulagi. Í þjálfun starfsmanna Norðuráls er lögð töluverð áhersla á skyndihjálpa. Sú þjálfun skiladi sér örugglega. Starfsmenn fyrirtækisins sem í rútunni voru, urðu fyrr meðvitaðir um eigið ástand og jafnframt rólegri. Enda gekk flest nokkuð rólega fyrir sig á slysstað. Það er þó ómetanlegt að hafa aðgang að fólki sem er vant því að taka stjórnina við aðstæður eins og þessar og kann til verka“.



Það er samdóma álit þeirra B.A. manna sem þarna voru, og eins er það reynsla okkar sem hafa lent í viðlíka aðstæðum annars staðar, að námskeiðin og sérstaklega æfingarnar gera okkur miklu hæfari til að takast á við þær óvæntu og hrikalegu aðstæður sem verða við hin ýmsu slys. Það skiptir oft sköpum að bregðast hratt og rétt við. Það kostar mikla þjálfun og mikinn tíma að öðlast sjálfstraust við svona aðstæður. Sem betur fer gefast ekki oft tækifæri til að takast á við raunveruleg slys.

Ósjaldan hafa þeir sem fyrstir koma á vettvang bjargað mannlífum með réttum viðbrögðum. Í okkar strjálbýla landi er oft töluverð bið eftir viðbragðsáðilum, svo sem lögreglu og sjúkraliði. Og ekki má gleyma aðstæðum eins og inn á heimilum eða inn á vinnustöðum. Því er hlutverk vegfarandans ómetanlegt.

Óskum landsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



Akraneskaupstaður



nepal hugbúnaður ehf



NÝIR FRÁBÆRIR

Fjölskyldu pakkar

4 STÆRÐIR AF TROÐFULLUM PÖKKUM

24
stk

58
stk

73
stk

77
stk



FLUGELDAMARKAÐIR
BJÖRGUNARSVEITANNA

Kalmansvellir 2
Sími 430 4500

Flugeldasala er
mikilvægasta fjárföllun
björgunarsveita
Slysavarnarfélagins
Landsbjargar




SLYSAVARNARFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

MAGNAÐAR

BRENNIUR

FRÁBÆR GOS Í 4 STÆRÐUM



Kalmansvellir 2
Sími 430 4500

Flugeldasala er
mikilvægasta fjárfun
björgunarsveita
Slysovarnafélagsins
Landsbjörgar



SLYSOVARNAFÉLAGID
LANDSBJÖRG

Er hjálpin á réttri leið

Theodór Kr. Þórðarson yfirlögregluþjónn í Borgarnesi

Í reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita segir: „Lögreglustjórnar fara með yfirstjórn og bera ábyrgð á leit og björgun á landi, hver í sínu umdæmi. Þeim ber að samhæfa störf þeirra sem koma að leitar- og björgunaraðgerðum. Lögreglan kallar björgunarsveitir til aðstoðar ef þörf krefur.“

Reynsla mín sem lögreglumann af samstarfi við björgunarsveitir í umdæmi lögreglunnar í Borgarnesi er mjög góð og það sama má segja um samstarf við flestar aðrar björgunarsveitir á liðnum árum. Að mínu mati eru sveitirnar á réttri leið í uppbyggingu og þjálfun sinna liðsmanna. Sveitirnar eru ólíkt betur tækjum búnar í dag en áður var og fólkið á kost á mun meiri þjálfun en áður bauðst.

En þrátt fyrir alla þjálfunina þá verð ég að segja eins og er að við í lögreglunni erum alltaf mun rólegri þegar við sjáum „gömlu reynsluboltana“ mætta í útköllin, innan um unga fólkið hjá sveitunum, því þá vitum við að allt fer vel. Björgunarsveitirnar verða að mínu mati að gæta vel að samsetningu sveitanna og hafa hana breiða hvað aldurinn varðar. Finna verður fólki stað og hlutverk við sitt hæfi í uppbyggingunni og fá þá eldri til að miðla af reynslu sinni. Einnig verður að gæta vel að því að óhardnaðir nýliðar séu ekki hafðir í fremstu röð í erfiðum og átakanlegum málum. Oftast er hægt

að stýra slíku með því að stjórnendur hafi varann á sér og gæti að hlutunum í tíma.

Þegar þörfin er mest fyrir aðstoð björgunaraðila gerist það oft að aðstoðar er þörf á fleiri en einum stað í einu. Því er alltaf mikilvægt að stýring aðgerða sé markkviss.

Ég hef stundum sagt að lögreglumenn séu fullnuma þegar þeir geta snúið við í miðju útkalli án þess að hreyfa andmælum. Það sama á við um nýliða í björgunarsveitum, þeir verða að læra að hlýða fyrirmælum og settum reglum og þeir verða að geta snúið við á leiðinni í útkall, komi sú staða upp, án þess að mögla. Slíkt gerist ekki að sjálfu sér, heldur verður að þjálf og æfa hlutina vel til að ná upp fagmennskunni. Nauðsynlegt er fyrir sveitirnar að hafa fagmennskuna alltaf í fyrirrúmi. Mælikvarði á fagmennskuna er hvernig einstaklingar og liðsheildir bregðast við undir álagi.

Samstarf lögreglunnar í Borgarnesi við björgunarsveitirnar í umdæminu hefur meðal annars þróast út í meiri úrvinnslu eftir stór verkefni en áður var. Fundað er oft og farið vel yfir málin og misskilningi eytt sé hann til staðar. Spurt er m.a. hvað hefði mátt fara betur og hvað getum við lært af því sem gerðist. Þá hefur einnig verið haft samstarf um áfallahjálp eftir erfið mál. Þá hefur það þróast á síðustu árum að einn eða fleiri úr svæðisstjórn hafa verið við störf á lögreglustöð sem tengiliðir í stærri málum. Hefur þessi nýbreytni gefist vel og er vilji til þess að halda þessu áfram í framtíðinni.

Að síðustu þá vil ég fyrir hönd lögreglunnar í Borgarnesi þakka björgunarsveitarmönnum fyrir farsælt samstarf á liðnum árum og óska þeim og þeirra fjölskyldum alls hins besta á komandi árum.



Myndsmiðjan
ljósmyndastofa

*Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.
Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.*



ROSALEGIR

BARDAGAR

ALVÖRU RISATERTUR



100 skota



150 skota



100 skota



150 skota



100 skota



150 skota



100 skota



Kalmansvellir 2
Sími 430 4500

HEIL FLUGELDASÝNING Í EINUM KASSA

Flugeldasala er mikilvægasta fjárföllun björgunarveita Slysavarnarfélagins Landsbjargar



800 7000 - siminn.is



Gleðileg jól

Óskum öllum á Vesturlandi gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk Símans á Akranesi.

Síminn



**EINANGRUNARGLER
ÖRYGGISGLER
SPEGLAR
PLEXIPLAST**
Allt efni til glerjunar

Glerið frá okkur er gæðavottað frá R.B. og með 5 ára ábyrgð

Fljót og góð þjónusta
Sendum hvert á land sem er

Að gefnu tilefni!
Vinsamlega kynnið ykkur rétta ísetningu glers hjá okkur



GLUGGA- OG GLERHÖLLIN

Ægisbraut 30 • Akranesi • Sími 431 2028 • Fax 431 3828

Myndir: Jóhann Torfason



Óskum landsmönnum öllum nær og fjær gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða



PÓSTURINN




Pabbapakinn í ár?

Fram til orrustu!

Sverð, Exi, Atgeir, Lásbogi, Spjót, Bogi og Hnífur



Víðtækt starf Slysavarnarfélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir slys. Yfir eitt hundrað sveitir sjálfbóðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins. Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum ef á reynir.



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Köfunarhópur stofnaður innan Björgunarfélags Akraness

Á innan við ári urðu 2 bílslys á Akranesi og nágrenni sem leiddu til drukknunar þriggja manna. Hið fyrra varð þegar vöruflutningabíll keyrði fram af Borgarfjarðarbrúnni í ágúst 2003 og hið síðara þegar eldri hjón keyrðu út í Akraneshöfn í mars á þessu ári. Í báðum tilfellum þurfti að kalla út kafara til að sinna leit og björgun. Enginn leitarköfunarhópur var starfræktur á Vesturlandi öllu, svo leita þurfti til kafara af höfuðborgarsvæðinu, þ.e. frá Landhelgisgæslunni og öðrum björgunarsveitum.

Þegar slík áföll dynja yfir litil bæjarfélög, þá fara íbúar þeirra og ekki síst þeir sem standa að björgunarmálum, að hugsa um hvað mætti betur fara. Eftir atburði síðasta árs þótti það brýn nauðsyn að stofna köfunarflokk innan Björgunarfélags Akraness.

Það að stofna köfunarhóp gerist ekki á einni nóttu. Mannskapurinn þarf að vera fyrir hendi. Innan B.A. voru fyrir 3 kafarar, en það dugði skammt til að koma slíkum hóp á laggirnar. Því var leitað til reyndra kafara á svæðinu, bæði til þeirra sem voru fyrrum félagar og til annarra sem ekkert höfðu komið nálægt starfsemi Björgunarfélags Akraness. Einstaklega vel gekk að safna saman köfufurum í þetta verkefni og voru við-

brögðin mjög jákvæð. Í dag samanstendur hópurinn af 8 köfufurum frá Akranesi og nágrenni.

Hvað þarf maður að hafa til brunns að bera til að verða kafari? Fyrir utan áhugann þá þarf maður að sækja sportköfunarnámskeið eða námskeið sem veitir manni svipuð réttindi. Eftir slíkt námskeið á maður að kunna alla þá eðlisfræði sem tengist köfun, hvernig maður á að forðast og meðhöndla köfunartengda sjúkdóma og maður lærir allar algengustu merkjasendingar sem fara fram milli kafara neðansjárvar. Einnig er kennt á svokallaðar afþrýstistöflur sem segja til um hversu lengi manni er óhætt að kafa á tilteknu dýpi án þess að eiga það á hættu að fá köfunarveiki. Grunnnámskeiðin veita manni réttindi til að kafa niður á 18 metra dýpi, en hægt er að taka framhaldsnámskeið sem veita manni réttindi niður á 35-40 metra dýpi.

Ásamt hinum hefðbundnu námskeiðum sem meðlimir köfunarflokksins eru búnir með, þurfa þeir að standast Leitarköfunarnámskeið á vegum Slysavarnarfélagsins Landsbjargar. Á því námskeiði er farið í vinnuáferðir við leit og björgun í sjó. Við leit þurfa



Sjöflokkur.

að vera a.m.k. 5 manns. Aðalkafari, varakafari, 90% tilbúinn kafari, línumaður og skrifari. Línumaður stjórnar aðalkafaranum með línumerkjum, sem eru ákveðinn fjöldi af togum eða kippum eftir því hvort fara eigi til hægri, vinstri, stoppa, aftur á bak eða áfram. Kafarinn leit- ar bara eins og línumanninum hent- ar. Skrifarinn skrifar síðan niður all- ar upplýsingar um leitargeirann og kafarann, t.d. hvenær hann fer út í, hversu mikið loft hann er með, hvaða svæði hann hefur leitað og hvenær hann á að koma upp úr, því hver og einn kafari leitir einungis í 20 mínútur í senn. Varakafarinn er alveg tilbúinn með allan sinn búnað á sér ef eitthvað skildi fara úrskeiðis hjá aðalkafaranum, og þegar varakafari fer út í til aðstoðar þá verður 90% tilbúni kafarinn að varakafara. Þegar aðalkafarinn hefur lokið sínum 20 mínútum snýst hlut- verkaröðunin. Varakafarinn verður aðalkafari, sá 90% tilbúni verður vara, línumaðurinn verður 90% o.s.frv. Þannig gengur kerfið fyrir sig svo lengi sem þörf er á.

Fyrir utan þau námskeið sem þú þarft að ganga í gegnum, hafirðu áhuga á köfun, þá geturðu lítið kafað ef þú átt ekki búnaðinn til þess. Köfun er bæði dýrt og tímafrekt sport, en venjulegur einstaklingsbúnaður fyrir meðal mann með enga græjudellu kostar á bilinu 250 - 300 þúsund krónur nýr. En þegar allt er tekið með í reikninginn þá má finna fjöldann allan af áhuga- málum sem kosta meira en köfunin, því það er hugg- un harmi gegn að þetta er að mestu leiti stofnkostna- aður. Markmið sveitarinnar með stofnun þessa köfun- arhóps er að vera ávalt reidubúin þegar slys ber að



Köfunarhópur.

höndum í sjó og vötnum. Búnaður einstaklinga í hópnum er mjög góður, þó enn vanti nokkuð upp á annan tækjakost. Koma þarf upp fullnægjandi aðstöðu fyrir hópinn og útvega þann búnað sem ekki er fyrir hendi. Verður það gert á næstu mánuðum.

Að lokum viljum við koma á framfæri þakklæti til Minningarsjóðs Jóns Gunnlaugssonar og Guðlaugar Gunnlaugsdóttur fyrir þann styrk sem þau veittu Björgunarsjóði Akraness til sjóbjörgunarmála nú í vetur.

*Ásgeir Einarsson
Birna Björnsdóttir*



Höfum dýrin í huga þegar sprengdir eru flugeldar. Halda skal heim innan- dyra þar sem þau heyra sem minnst í sprengingunum. Hundar, kettir og hestar eru sérstak- lega viðkvæm.

Nauðsynlegt er að hafa stöðuga undir- stöðu undir standblys og skotkökur og athuga þarf að þau þurfa mikið rými.



Björgunarfélag Akraness

Fyrsta janúar næstkomandi á Björgunarfélag Akraness fimm ára starfsafmæli. Björgunar og slysavarnastarf hér á Akranesi má rekja allt aftur til 1928. Þannig að saga þessarar starfssemi er að verða 77 ára gömul.

Við sem í þessu störfum, þótti við hæfi að staldra aðeins við á dögnum og stílla okkur upp til myndatöku.

Þar sem það er nánast útilokað að ná öllum félögnum saman í einu, létum við samt á það reyna og hér á eftir má sjá útkomuna.

Björgunarfélag Akraness er flokkaskipt, landflokkur og sjóflokkur. Innan þessara flokka eru svo hópar. Innan landflokks eru: bílaflokkur, fjallaflokkur, og skyndihjálparhópur. Innan sjóflokks er: bátahópur og kafarahópur. Yfir öllu trónir svo stjórnin og hefur svo sér til



Stjórn Björgunarfélags Akraness.

fulltingis aðgerðastjórnendahóp sem stjórnar í útköllum. Margir félagar eru virkir í fleirum en einum hóp.



Skyndihjálparhópur.

Nýr bíll

Í maí síðastliðinn endurnýjaði Björgunarfélagið einn af bílum sínum. Annar Landróverinn var seldur og í stað hans var keyptur Ford Excursion.

Þegar var farið að huga að þessum málum, var strax ákveðið að fara í stærri bíl. Við skoðun á bílmarkaðinum kom í ljós að það sem helst „hrjár“ jeppa í dag er skortur á vélarafli. Í okkar starfi er nauðsynlegt að hafa orku til þess að geta dregið báta og kerrur, auk farþega og farangurs. Amerískir bílar eru yfirleitt rammir að afli. Ásamt því að gengi dollars var orðið mjög hagstætt, var ákveðið að leita að bíl í USA. Eftir stutta leit á Netinu fannst þessi bíll. Átta manna, rúmlega árs gamall, keyrður 12.000 km, 6.l. diesel, 325 ha., Tork 550nm.@2000rm.

Við nutum aðstoðar Eiríks Vignissonar við innflutning, og út í Boston komumst við í samband við íslending, Guðmund Knúttson. Hann reyndist okkur ómetanlegur. Fór og skoðaði bílinn hátt og lágt, gekk frá kaupum, tók bílinn til sín og sá um að koma honum í skip.

Þegar bíllinn kom var endanlega ákveðið hvernig og hvar honum yrði breitt. Niðurstaða úr því var sú að Gunnar Egilsson á Selfossi (Icecool) tók verkið að sér. Er bílnum breitt fyrir 44“ dekk. Skipt um framhásing, afturhásing færð aftar og fjöðrum skipt út fyrir loftpúða. Loftlæsingar í drifum aftan og framan og skipt um drifhlutföll 4:88. Auka millikassi, tvær loftdælar og vökvaspil. Inn í bílnum eru hefðbundin staðsetningar og fjarskiptatæki. Talstöðvar, sími og tölva. Einnig er stefnt að því að í bílnum verði búnaður til þráðlausrar Internettengingar. Hann getur tekið einar börur og í honum verður hefðbundinn fyrstuhjálparbúnaður.

Bíllinn kemur mjög vel út eftir breytingu. Reynist mjög stöðugur í akstri, fjöðrunin frábær og lítill skortur á afli. Fyrir breytingu var olíueyðsla í um 14 lítrar á hundraði í blönduðum akstri, þannig að fróðlegt verður að sjá hver hún verður eftir breytingar.



Glædelig jul

Hyvää Joulua

Gleðileg jól

Merry Christmas

Hyvää Joulua

Starfsmenn KB banka á Akranesi óska viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

 KB BANKI